



Efni: Heimild til að fara í innkaup á umsjónarkerfi fyrir Vinnuskóla Reykjavíkur

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að fara í innkaup á umsjónarkerfi fyrir Vinnuskóla Reykjavíkur á umhverfis- og skipulagssviði. Frumathugun (Proof of Concept) hefur farið fram og á markaði finnst lausn sem hentar starfseminni með miklum ágætum.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar 2025 til mars 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 30,4 m.kr. Skiptist kostnaðurinn þannig, 2 m.kr. úr eignasjóði á framkvæmdatímanum, heildarrekstrarkostnaður umhverfis- og skipulagssviðs yfir fjögurra ára tímabil er áætlaður 28,4 m.kr., þar af kaup á hugbúnaðaleyfum 20,2 m.kr. og innri rekstrarkostnað 8,2 m.kr. á fjögurra ára tímabili

Fjármögnun verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviðs, dags. 14. nóvember 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:**Innkaup á umsjónarkerfi fyrir Vinnuskóla Reykjavíkur**

Vinnuskóli Reykjavíkur á vegum mannauðsskrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs er fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla Reykjavíkur og býður þeim upp á uppbyggileg sumarstörf og fræðslu í öruggu umhverfi. Um 70% reykvískra barna í 8.-10. bekk sækja Vinnuskóla Reykjavíkur á hverju sumri og voru tæplega 3400 talsins sl. sumar. Starfsfólk Vinnuskólans voru síðastliðið sumar tæplega 90 manns, þar af tveir sem eru fastráðnir. Vinnuskólinn er í samstarfi og samvinnu við ýmsar einingar Reykjavíkurborgar, svo sem frístundaheimili, leikskóla og bókasöfn. Aðrir samstarfaðilar eru t.d. íþróttafélögin og skátarnir.

Vinnuskólinn notar umsjónarkerfi til að halda utan um starfsemina. Samningur um notkun á eldra umsjónarkerfi rann út vorið 2024 og í stað þess að endurnýja samninginn um notkun á því kerfi var ákveðið að fara í frumathugunarverkefni (Proof of Concept) á öðru kerfi á markaði. Ástæðan var að eldri hugbúnaður þótti ekki lengur uppfylla þarfir skólans. Vinnuskólinn gerir í grófum dráttum eftirfarandi kröfur til hugbúnaðar fyrir sína starfsemi; er móttökustaður umsókna, er upplýsingakerfi um nemendur Vinnuskólans og foreldra/forráðamenn, er viðveruskráningarkerfi, er umsagnarkerfi, er samskiptakerfi, er notendavænt fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra/forráðamenn, virki vel í snjalltækjum og er auðvelt í notkun fyrir samstarfsaðila.

Frumathugun nýs umsjónarkerfis leiddi í ljós töluverða hagræðingu og ávinning. Hagræðing við kaup á nýju umsjónarkerfi er fyrst og fremst í tímasparnaði starfsfólks og tvíverknaði, m.a. við viðveruskráningu og einföldun á boðleiðum og samskiptum. Eins og gefur að skilja er langstærsti hluti starfsmanna úti á vettvangi fjarri tölvum og skrifstofurýmum. Halda þarf utan um viðverðu Vinnuskólanema, ná fljótt og auðveldlega í upplýsingar um þá og forráðamenn þeirra, fá upplýsingar um fjarveru frá forráðamönnum o.s.frv. Sýnt þykir að Vinnuskólinn muni geta sparað sér einn sumarstarfsmann á komandi árum með notkun á nýju umsjónarkerfi. Vonir standa til að í framtíðinni geti umsjónarkerfið verið samþætt launakerfi borgarinnar og mun það fækka enn meir handtökum starfsfólks. Þó skal tekið fram að núverandi launakerfi býður ekki upp á slíka samþættingu. Í umsjónarkerfi eru gögn tiltæk á einum stað og með stafrænum hætti má taka út ýmis konar gögn fyrir launadeild, sviðsstjóra eða aðra áhugasama.

Í þjónustustefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á aðgengilega þjónustu sem umsjónarkerfi fyrir Vinnuskólann uppfyllir vissulega með bættri sjálfsafgreiðslu í gegnum stafrænt viðmót og er aðgengileg fyrir notendur án utanaðkomandi aðstoðar. Viðkomandi hugbúnaður er hannaður með tilliti til notenda og getur lagað sig að breytilegum þörfum notenda. Umsjónarkerfið styður við markmið um skilvirka þjónustu og hjálpar starfsfólki að veita betri þjónustu. Stafræn umbreyting þjónustu Reykjavíkurborgar er stór hluti af Græna planinu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 30,4 m.kr. Eignasjóður 2 m. kr. á framkvæmdatíma, rekstur umhverfis- og skipulagssviðs í fjögur ár 28,4 m.kr., þar af 20,2 m.kr. kaup á hugbúnaðaleyfum og 8,2 m.kr. í innri rekstrarkostnað. Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Kostnaðarstaður: 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður. Verkefnaklasi 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer 259461.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson
Skrifstofustjóri Stafræn Reykjavík